

SKÓLASTEFNA ÖLFUSS

FJÖLSKYLDU- OG
FRÆÐSLUSVIÐ



2023 >
< 2030



Úr heimi í heim

Í maí 2022 kom saman vinnuhópur sem myndaður hafði verið í því skyni að vinna að endurgerð skólastefnu Ölfuss.

Hópurinn samanstóð af kjörnum fulltrúum, skólastjórnendum beggja skóla, fulltrúum kennara, fulltrúum foreldra og fulltrúum nemenda í grunnskólanum. Verkefna- og ritstjóri stefnunnar var Guðlaug Einarsdóttir og faglegur ráðgjafi dr. Ingvar Sigurgeirsson. Til að fá fram sjónarmið allra hagaðila voru haldnir upplýsinga- og vinnufundir með nemendum og starfsfólki og íbúáþing um stefnuna.


Skipuð var ritnefnd sem samanstóð af verkefnastjóra og skólastýrum beggja skólanna. Stefnan lítur nú dagsins ljós og hefur fengið heitið „Úr heimi í heim“. Stefnan gildir til ársins 2030 en er lifandi skjal sem verður til umfjöllunar og endurskoðunar ár hvert í báðum skólum og fjölskyldu- og fræðslunefnd.




Leiðarljós stefnunnar

Við gerð stefnunnar var tekið mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 með áorðnum breytingum. Einnig voru Heimsmarkmið og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna höfð til hliðsjónar.

Leiðarljós Skólastefnu Ölfuss er að skapa nærandi lærdóms-samfélag öllum hagaðilum til heilla. Að hver einstaklingur fái tækifæri til vaxtar og þroska í gjöfumu umhverfi. Ávallt skal stefnt að því að skóla- og frístundastarf í Ölfusi sé í fremstu röð með tilliti til inntaks stefnunnar og standist gæðakröfur.





Leikskólinn Bergheimar

(bergheimar.hjalli.is)


Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Þar sem allt hvílir á þremur grunnstoðum – jafnrétti, sköpun og lýðræði og alltaf er það kærleikurinn sem er leiðarljós í öllu skólastarfi.

Kærleikur er eitt af lykilhugtökum Hjallastefnunnar, að mæta hverju barni, fjölskyldumeðlimi og starfsfólki öllu með kærleika í öllum samskiptum.

Jafnrétti

Börn eiga að njóta þess mikilvæga skeiðs sem bernsku- og æskuárin eru. Jafnrétti tryggir það að öll börn njóti sömu réttinda og lífsgæða í skóladeginum. Þannig á að styrkja öll börn til þroska á þeirra forsendum, að draga fram styrkleika þeirra og byggja undir þá.








Lýðræði

Málamiðlun, skoðanaskipti og lausnamiðun eflir gagnrýna hugsun og æfir börnin í víðsýni og umburðarlyndi, en einnig ákveðni, hreinskiptni, tjáningu og sjálfstæði. Börnin læra að þau eru öll einstök, en á sama tíma hluti af hópi.

Sköpun

Hlúa þarf að velgengni barnsins á víðfeðman hátt og því er mikilvægt að öll börn fái tækifæri til að vera í sköpunarmætti sínum í náminu. Hugur, hjarta og hönd eru jafn mikilvæg í þroskaferli barnsins.





Leikskólinn Hraunheimar

(hraunheimar.olfus.is)

Leikskólinn Hraunheimar opnaði formlega 1. september 2025 og tekur á móti börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Í Hraunheimum er leikurinn í öndvegi sem meginnámsleið barna, þar sem þau læra í gegnum leik að skilja heiminn og þróa eigin færni á eigin forsendum.

Hugmyndafræðin byggir á læsi í víðu samhengi, þar sem börn læra að lesa í félagslegar aðstæður, tilfinningar og umhverfi sitt. Slík nálgun eflir samskiptafærni, sjálfstæði og þátttöku í samfélaginu.

Teymisvinna er lykilþáttur í starfinu, þar sem starfsfólk vinnur saman að þróun leikskólastarfsins í virku lærdómssamfélagi. Reglulegir fundir, markmiðasetning og samvinna tryggja faglegt starf í takt við þarfir barnanna.



GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

VINÁTTA • VIRÐING • VELGENGNI

Grunnskólinn í Þorlákshöfn


(olfus.is/grunnskolinn)

Grunnskólinn í Þorlákshöfn er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Einkunnarorð skólans endurspeglar þá stefnu sem er höfð að leiðarljósi í starfinu en þau eru vinátta, virðing og velgengni.

Uppeldisfræðileg stefna er "Uppeldi til ábyrgðar" en áhersla stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsgætt, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Þá er einnig lögð áhersla á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti og nýtingu upplýsingatækni í skólastarfinu.

Tónlistarskóli Árnesinga er rekinn í húsnæði Grunnskólans og er mikil og góð samvinna á milli skólanna.



Hagaðilar

Í samfélagi skóla- og frístundastarfs eru eftirfarandi hagaðilar:
Börn, foreldrar, starfs- fólk, kjörnir fulltrúar og íbúar Ölfuss.
Allir hafa þeir komið að myndun menntastefnunnar og hafa
hlutverki að gegna í innleiðingu hennar.






Stoðir stefnunnar

Stoðir menntastefnu Sveitarfélagsins Ölfuss eru fjórar;

umhverfi, fjölbreytni,
vöxtur og framsækni.

Þar undir eru fjölmörg undirhugtök. Stoðirnar skarast og tengjast hver annarri þó meginhugtökin séu flokkuð á þennan hátt. Mikilvægt er að allir hagaðilar vinni í sameiningu að vexti og þroska þeirra sem tilheyra lærdómssamfélaginu þannig að styrkleikar hvers og eins fái notið sín. Þannig byggjum við í sameiningu upp heilbrigt og gjöfult samfélag.



Umhverfi





Hlutverk samfélagsins er að stuðla að heilbrigðu umhverfi og vellíðan fyrir alla óháð bakgrunni eða uppruna. Mikilvægt er að tryggja að allir njóti jafnra tækifæra innan skólanna og að réttur allra til kynheilbrigðis og kynjajafnréttis sé virtur í því skyni að stuðla að sjálfbæru samfélagi í öllu tilliti.


Farsæld barna er í öndvegi og skal umhverfi þess; skipulag, umgjörð og aðbúnaður miðast við að öll markmið nái fram að ganga.

Markmið: Umhverfi skólanna skal stuðla að jöfnum tækifærum allra. Skipulag og umgjörð skal stuðla að góðu faglegu starfi, heilsu og vellíðan.

• Skipulag og fagleg umgjörð

Áhersla er á snemmtæka íhlutun í samræmi við farsældarlögin. Lögð er áhersla á að aðgengi að þjónustu sérfræðinga á borð við félagsráðgjafa, sálfræðings og talmeinafræðings sé gott. Lögð er áhersla á að faglegt frístundastarf fyrir börn og unglinga sé gott. Allir skulu njóta jafnra tækifæra innan skólanna og starfið skal miða að valdeflingu og vexti allra nemenda sem og framsækinni skólapróun.





• Aðbúnaður og umgjörð



Mikilvægt er að aðbúnaður og umhverfi starfsfólks og barna sé gott. Áhersla er lögð á gott útisvæði, bæði til leiks og kennslu sem og framúrskarandi aðstöðu til list- tækni og verkgreinakennslu. Aðstaða til skapandi vinnu þarf að vera til staðar fyrir kennara í bóklegum greinum. Viðhalda þarf góðum tækjakosti fyrir nemendur og starfsfólk.


Lögð er áhersla á hlýlegt og notalegt náms- og starfsumhverfi og uppbyggileg samskipti. Á bókasafni skal byggja upp faglegt starf sem ýtir undir lestraráhuga auk þess sem bókasafn býr yfir góðum bókakosti. Leggja þarf rækt við öflugt og gott félagslíf nemenda og styðja þá til frumkvæðis og athafna. Hafin verður markviss uppbygging útikennslusvæðis sem nýtist báðum skólastigum sem og öðrum íbúum samfélagsins.

Nýr leikskóli tekur til starfa haustið 2025 til að koma til móts við fólksfjölgun í ört stækkandi sveitarfélagi og með tilkomu hans munu foreldrar hafa val um tvo leikskóla í sveitarfélaginu sem starfa eftir ólíkum stefnum og hugmyndafræði en vinna jafnframt náið saman. Lögð er áhersla á að starfsumhverfi skólanna sé aðlaðandi og taki mið af nútímalegum og sveigjanlegum starfsháttum á jafnréttisgrundvelli.

Starfsfólk er hvatt til frekara náms og endurmenntunar.

Mikilvægt er að vistunartími barna taki mið af hagsmunum þeirra og þroska.





• Heilsa og vellíðan

Styðja skal við uppbyggilega menningu og viðburði innan skólanna að frumkvæði nemenda. Áhersla er lögð á leik, sköpun, gleði og vellíðan í skólunum. Boðið verði upp á aukna hreyfingu innan skólanna sem og hollan og góðan mat í mötuneyti í samræmi við næringarstefnu sveitarfélagsins. Áfram verður boðið upp á hafragraut á morgnana í grunnskólanum.






Fjölbreytni



Öll börn eiga rétt á menntun og stuðla skal að jöfnum tækifærum allra til náms. Með menntun skal hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á jafnframt að kenna þeim að þekkja réttindi sín og virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.


Menntun á einnig að kenna börnum að virða og vernda náttúruna. Þá á hún að ýta undir nýsköpun og meðvitund um sjálfbæra þróun og uppbyggingu.


Markmið: Stuðla skal að jöfnum tækifærum til náms með fjölbreyttum kennsluaðferðum og nærandi námsumhverfi með sjálfbærni að leiðarljósi.



- **Virkni, valdefling, hæfni og sköpun**

Mikilvægt er að börnin vaxi og eflist sem nemendur og einstaklingar eftir því sem ofar dregur í náminu. Liður í valdeflingu er að nota í auknum mæli leiðsagnar, sjálfs- og jafningjamat. Bjóða þarf uppá fjölbreyttar valgreinar og áhugasviðsverkefni sem og viðhafa fjölbreytta kennsluhætti í almennum námi. Áhersla skal vera á virkni nemenda og skapandi viðfangsefni sem reyna á ólíka hæfnipætti. Leggja skal aukna áherslu á skapandi viðfangsefni þar sem leik- og tónlist kemur við sögu; dans og söngur og vinna að því að setja upp heildstæðar sýningar í því skyni að styrkleikar ólíkra einstaklinga fái notið sín.





- **Sjálfbærni, fagþekking og kennsla**

Lögð skal áhersla á að fræða um fjölbreytileikann og stöðu minnihlutahópa. Þjóða upp á markvissa fræðslu og forvarnir bæði í skólunum sem og vinnuskólanum. Auka skal vægi grenndarkennslu og leggja áherslu á umhverfismennt í anda sjálfbærni.

Gefa þarf nýsköpunarkennslu aukið vægi á öllum stigum og viðhalda þróunarverkefnum. Kenna þarf börnum að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Þau þurfa jafnframt að læra réttindi sín og virða réttindi annarra, menningu og fjölbreytileika. Leggja skal áherslu á mannkostakennslu og lykilhæfni, efla geðrækt, félags- og samskiptafærni.

Leggja þarf áherslu á einstaklingsmiðað nám og góða sérkennslu.

Mikilvægt er að tryggja samfellu einstakra námsgreina og á milli skólastiganna.




Vöxtur



Fátt er eins verðmætt í hverju samfélagi og sá mannauður sem það býr yfir. Mikilvægt er að raddir og sjónarmið allra fái að heyrast og styrkleikar að njóta sín. Starfsumhverfi skólanna þarf að vera bæði aðlaðandi og sveigjanlegt. Börn jafnt sem fullorðnir eiga að fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem hafa áhrif á líf þeirra.

Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna og eiga að láta málefni þeirra sig varða. Börn eiga jafnframt rétt á að taka þátt í að móta eigin menningu og starfsumhverfi með aðstoð fullorðinna.

Markmið: Að skólastarfið sé lýðræðislegt þar sem áhersla er á upplýsingagjöf, ábyrgð og virðingu. Stuðla skal að jákvæðu samstarfi þar sem vöxtur og virðing eru höfð að leiðarljósi.




• Samfélag, lýðræði og ábyrgð

Skólarnir eru ein af grunnstoðum samfélagsins og því er lögð áhersla á að upplýsingaflæði til bæjarbúa sé gott. Þannig næst betri tenging milli skólanna og samfélagsins sem auðveldar aðkomu íbúa að starfinu eftir því sem hentar.

Mikilvægt er að í skólunum sé virkt nemendalýðræði og gott upplýsingaflæði til foreldra og forráðamanna og að það ríki gagnsæi í ákvarðanatöku varðandi skólamál.

Aðkoma foreldra með öflugu foreldrastarfi er nauðsynleg. Meginhlutverk foreldra er að styðja við börn sín og efla vöxt þeirra og þroska.





• Mannauður og virðing

Mannauður skólanna er þeirra mikilvægasta auðlind og mikilvægt að styrkleikar hvers og eins fái notið sín. Hlutverk bæjaryfirvalda er að bjóða upp á nærandi og sveigjanlegt starfsumhverfi í anda nútíma starfshátta og stuðla að uppbyggilegum samskiptum sem einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Mikilvægt er að innan skólanna sé að finna fjölbreytt fagfólk, það sýni metnað í starfi og finni fyrir hvatningu til frekari endurmenntunar.

Fjölmennningarlegt starf þarf að efla og vera í stöðugri þróun. Móttaka nemenda af erlendu bergi brotnu skal vera vel úr garði gerð.







• Teymis- og samvinna

Fjölmargir einstaklingar og hópar koma að skóla- og frístundastarfi og gæða það auknu lífi. Samstarf í víðum skilningi er því í forgrunni. Öflugt samstarf og upplýsingagjöf milli starfsfólks allra skólastiga og frístundastarfs er mikilvægt í því skyni að hægt sé að mæta öllum einstaklingum á þeirra forsendum. Tryggja þarf samfellu á milli árganga og stiga og styðja vel við þróun teymiskennslu. Samskipti milli allra hagaðila eiga að einkennast af ábyrgð, virðingu og trausti. Mikilvægt er að tengja saman viðfangsefni, gleði og ánægju auk hæfilegrar hvíldar.

Aukið samstarf við leik- og hljómlistafélögin gefa nýja vídd og auka möguleika á þátttöku í skapandi sviðslistum.

Leggja skal áherslu á samstarf við aðra skóla; innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Leggja þarf áframhaldandi rækt við samstarf við íþróttafélög og tónlistarskóla og efla skal samstarf við atvinnulíf og almenna félagastarfsemi.




Framsækni

Ný verkefni, tækifæri og áskoranir bíða okkar við hvert fótíð. Mikilvægt er að undirbúa nemendur okkar vel fyrir síbreytilega framtíð og upplýsa þá um þau tækifæri og áskoranir sem í tækninni felast.

Markmið: Að tæki og ný tækni sé nýtt á ábyrgan og skilvirkan hátt. Að allir hafi aðgang að fjölbreyttu námsumhverfi sem ýtir undir skapandi hugsun.





• Tækni og framtíðarsýn

Mikil áhersla hefur verið lögð á framúrskarandi starfsaðstæður er lúta að tækjum og tæknitengdum starfsaðstæðum.

Mikilvægt er að halda áfram á þeirri vegferð.


Þróun upplýsingatækninnar skal vera í sífelldri endurskoðun með áherslu á nýtingu nýrrar tækni hverju sinni.

Mikilvægt er að nemendur fái stafrænt uppeldi og þjálfun í miðlalæsi sem verkfæri til að takast á við áskoranir tengdar tækninni og síbreytilegri framtíð.

Efla skal tækni- iðn og listsköpun og aðstæður og tæki til slíkrar iðju með markvissri uppbyggingu Fab Lab smiðju.

Hefja skal markvissa uppbyggingu útikennslusvæðis fyrir bæði skólastigin sem og aðra íbúa sveitarfélagsins.

Leggja skal áherslu á öfluga fjármálafræðikennslu og undirbúa þannig nemendur fyrir lífið sem sjálfstæðir og ábyrgir einstaklingar.




Lokaorð

Horft er til þess að endurskoða skólastefnuna árlega og vinna skipulega að framgangi hennar með aðgerðaáætlun til að framkvæma stefnuna og ná fram markmiðum hennar.

Samhliða þarf að safna upplýsingum um starfsemi skóla í sveitarfélaginu meta með árangursmælingum hvort sveitarfélagið og skólarnir nái markmiðum stefnunnar og nálgist framtíðarsýnina.

Lögbundið hlutverk fjölskyldu- og fræðslunefndar í Ölfusi er meðal annars að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu og gera tillögur að umbótum á skólastarfinu.

Niðurstöður árangursmælinga er mikilvægt innlegg til að nefndin geti sem best rækt þetta verkefni sitt.



Skólastefna Ölfuss var samþykkt af fjölskyldu- og fræðslunefnd þann 20. september 2023 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 5. október 2023.


Gildistaka miðast við daginn sem bæjarstjórn staðfesti stefnuna.



Aðstæður sem skapa börnum skilyrði til þess að ná



Líkamlegum
þroska



Sálrænum
þroska



Vitsmunalegum
þroska




Siðferðislegum
þroska



Félagslegum
þroska


Á eigin forsendum til framtíðar




Markmið og gildi fjölskyldu- og fræslusviðs



Sinna öllum
börnum og
fjölskyldum þeirra



Móta samþætta
þjónustu og styttu
boðleiðir



Efla samvinnu
á milli deilda
og stofnana



Bregðast við
stuðningsþörf með
snemmtækum
stuðningi



